

## REGLUGERÐ UM SKIPTINGU LOTTÓTEKNA

ÍBH fær greiddan hagnað af LOTTÓ frá Íslenskri getsþá. Stjórn ÍBH hefur með reglugerð þessari samþykkt að greiða til aðildarfélaga sinna hagnað eftir eftirfarandi skiptaaðferð, sem reiknast upp á ári hverju samkvæmt skýrslum aðildarfélaganna til ÍSÍ.

1. Skiptareglur Lottótekna eru þessar:

Félag	Deildir	17 ára og yngri	18 ára og eldri
0 %	30 %	60 %	10 %

2. Hver úthlutun skal vera samþykkt á stjórnarfundum ÍBH.
3. Nýtt félag fær ekki úthlutun á Lottótekjum fyrr en eftir að félagið hefur skilað inn starfsskýrslu til ÍBH og ÍSÍ sem sýnir og sannar virkt íþróttastarf. Sama á við um nýja deild innan félags. Deild þarf að vera sjálfstætt starfandi með eigin stjórn og gefa út sér starfsskýrslu.
4. Stjórn ÍBH er heimilt að úthluta öllum Lottótekjum til félaganna. Einnig er heimilt að nota hluta af greiðslunni til sérstakra verkefna samkvæmt ákvörðun stjórnar ÍBH hverju sinni.

Ákvörðun um breytingu á reglugerð þessari er í höndum stjórnar ÍBH.

Samþykkt af stjórn ÍBH 2. október 2024.